

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

22. janúar 2026
UOS2501494/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. desember 2025 – ID 55

Þann 10. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Kólku sorpeyðingarstöð sf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin útistandandi frávik voru til staðar hjá rekstraraðila.

Engar ábendingar eru settar fram.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.1 í starfsleyfi. Öll meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinnar er bundin við staðsetningar og heimilisföng sem koma fram í starfsleyfi. Geymsla svifösku sem er brennsluleif starfseminnar og spilliefni er geymt utan þess heimilisfangs sem skilgreint er í starfsleyfi.
2. Gr. 1.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær. Á grundvelli þeirra upplýsinga metur stofnunin hvort þörf sé á að breyta starfsleyfi. Rekstraraðila láðist að tilkynna um breytingar á geymslufyrirkomulagi svifösku til stofnunarinnar, sem áður var geymd að Fitjabraut 10, en hefur nú verið færð yfir á aðra staðsetningu.
3. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Í niðurstöðum árlegra útblástursmælinga úr reykháfi mælist köfnunarefnisoxíð (NO_x , reiknað sem NO_2) um 476 mg/Nm^3 (m.v. staðlaðar forsendur). Losunarmörk í starfsleyfi fyrir NO_2 , eru 400 mg/Nm^3 .

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits

María Svavarsdóttir
sérfræðingur, teymi eftirlits